

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

*Almennt.*

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjöld vegna meðferðar úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði, nr. 236/2018.

2. gr.

*Íbúðarhúsnæði.*

Sorpgjald samkvæmt þessari grein er samanburður af föstu gjaldi og breytilegu gjaldi. Breytilegt gjald er lagt á í samræmi við fjölda og tegund sorptunna sem húseigandi sótti um.

Sorpgjöld á heimili – fast gjald		Árgjald
	<b>Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður</b>	15.772 kr.
Sorpgjöld á heimili – breytilegt gjald		Árgjald
	<b>Blandaður úrgangur</b>	
	140 l ílát	14.000 kr.
	240 l ílát	24.000 kr.
	660 l ílát	105.600 kr.
	1.100 l ílát	176.000 kr.
	<b>Lífúrgangur</b>	
	35 l ílát	4.000 kr.
	140 l ílát	8.000 kr.
	240 l ílát	19.200 kr.
	<b>Pappír</b>	
	140 l ílát	5.000 kr.
	240 l ílát	6.000 kr.
	660 l ílát	8.000 kr.
	1.100 l ílát	24.000 kr.
	<b>Plast</b>	
	140 l ílát	7.000 kr.
	240 l ílát	12.000 kr.
	660 l ílát	33.000 kr.
	1.100 l ílát	55.000 kr.
Önnur gjöld		Gjald
	<b>Breytingakostnaður við ílát</b>	3.500 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi hinn sami og fasteignagjalda.

3. gr.

*Atvinnuhúsnæði.*

Í samræmi við 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, er fast gjald 35.000 kr. lagt á fyrirtækjalóðir í Sveitarfélaginu Hornafirði til að standa straum af kostnaði við þjónustu á söfnunarstað og urðunarstað. Gjöld skulu innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi hinn sami og fasteignagjalda.

4. gr.

*Móttökugjöld á söfnunarstöð.*

Íbúar greiða móttökugjöld á söfnunarstöð sveitarfélagsins eftir rúmmáli og úrgangstegund. Starfsmaður söfnunarstöðvar metur í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskrá, að fenginni lýsingu

úrgangshafa og miðað við umfang farms. Fyrirtæki greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) og skulu slíkir farmar vigtaðir á hafnarvog sveitarfélagsins á opnunartíma hennar. Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald. Gjöld samkvæmt þessari grein eru ákvörðuð í gjaldskrá fyrir söfnunarstöð úrgangs á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

## 5. gr.

*Sumar- og frístundahús.*

Í sumarhúshverfum, þar sem sumarhús eru 20 eða fleiri, skal einnig leggja sorpeyðingargjöld á hvert sumar- eða frístundahús árlega enda verða sett upp sorpilát í nánd við sumarhúshverfið yfir mesta ferðamannatímamann frá 15. maí – 15. september.

Sorphirðugjald	9.028 kr.
Sorpeyðingargjald	9.200 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi hinn sami og fasteignagjalda.

## 6. gr.

*Eyðing dýraleifa.*

Á búfjáreigendur er lagt sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjárttegundar samkvæmt búfjarteftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	700 kr./grip	Sauðfé og geitfé	200 kr./grip
Hross	560 kr./grip	Svín	400 kr./grip
Alifuglar	4 kr./fugl	Loðdýr	4 kr./dýr

## 7. gr.

*Aðfararheimild.*

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með aðför, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjaldaga, sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## 8. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1560/2022.

*Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 12. janúar 2024.*

**Sigurjón Andrés**son bæjarstjóri.